

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1391

komudagur 12/4 1996

Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi
Lágmúla 5
108 Reykjavík.

Reykjavík 12. 4. 96

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.


Félagið er aðili að Bandalagi háskólamanna - BHMR og vísar til umsagnar þess um einstök efnisatriði frumvarpsins.

Almennt um efni frumvarpsins vill félagið vekja athygli á eftirfarandi:

Yfirlýstur tilgangur frumvarpsins er að jafna rétt þeirra sem starfa hjá ríkinu. Þetta er gert með því að skerða ýmis réttindi sem þeir ríkisstarfsmenn njóta, sem nú heyra undir lög nr. 38 1954. Réttindi ríkisstarfsmanna hafa alla tíð verið metin til launa. Jafnvel þó réttindi samkvæmt fyrrnefndum lögum séu komin til áður en opinberir starfsmenn fengu sammingsrétt, hefur ætíð verið horft til þeirra við gerð kjarasamninga. Félagið bendir á að áunnin réttindi eins og biðlaunaréttur eru einstaklingsbundin réttindi sem ekki er hægt að skerða einhliða hvorki með lagasetningu né með samningum stéttarféлага og ríkisins. Félagið telur auk þess að forsenda þess að réttindi allra þeirra sem starfa hjá ríkinu verði samræmd, sé að almenn ráðningarréttindi allra starfsmanna verði bætt, þannig að launafólk eigi það ekki undir geðþótta yfirmanna hvort þeir haldi vinnunni.

Félaginu er ljóst að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þarfnast endurskoðunar. Við slíka endurskoðun verður að sjá til þess að þegar áunnin réttindi verði ekki skert. Það verður að taka tillit til þess að réttindi opinberra starfsmanna hafa alltaf verið metin til launa. Einnig er mikilvægt að ráðningarfesta verði ekki minni en nú tíðkast í nágrannalöndunum. Fyrirliggjandi frumvarp gengur gegn þessum markmiðum. Af þeirri ástæðu leyfir félagið sé að leggja til við háttvirta þingnefnd að hún geri það að tillögu sinni að málið verði tekið af dagskrá þingsins. Í framhaldinu hefjist síðan viðræður milli opinberra starfsmanna og ríkisins um framtíðar skipan starfsmannamála, með það að markmiði að leggja fram nýtt frumvarp um þetta efni sem sæmileg sátt er um í tengslum við næstu kjarasamninga.

F.h. Stéttarfélags sálfræðinga á Íslandi,


Sólveig Ásgrímsdóttir,
formaður.